

Föstudaginn 30. maí 1947.

Nr. 16/1947. **Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins**

gegn

Guðna Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 3. júní 1947.

Nr. 140/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Eiríki Símonarsyni Beck

(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn umferðarlöggjöf.

Dómur hæstaréttar.

Með framhaldsrannsókn, sem háð hefur verið samkvæmt úrskurði hæstaréttar 19. febrúar s. l., er í ljós leitt, að eigi var búið um blóðúrtak kærða með þeim hætti, þar til rannsókn fór fram á því, að öruggt þyki, að leggja niðurstöðu blóðrannsóknarinnar til grundvallar dómi í máli þessu. Verður kærði því ekki dæmdur sekur um brot gegn 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt játningu kærða og skýrslum vitna svo og með tilliti til þess, að stjórn kærða á bifreið hans var áfátt, þykir hins vegar mega telja víst, að kærði hafi við aksturinn verið miður sín með þeim hætti, að varða eigi hann refsingu samkvæmt 3. mgr. 23. gr. sbr.

38. gr. nefndra laga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um brot kærða gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur og umferðarlögum.

Refsing kærða þykir eftir málavöxtum og með tilliti til þess, að hann hefur áður verið dæmdur fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis, hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta kærða bifreiðarstjóraréttindum 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Eiríkur Símonarson Beck, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Egils Sigurgeirssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. júlí 1946.

Ár 1946, fimmtudaginn 25. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2424/1946: Valdstjórnin gegn Eiríki Símonarsyni Beck.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 12. júlí s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða, Eiríki Símonarsyni Beck fram-

kvæmdarstjóra, til heimilis á Laufásvegi 63 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 með áorðnum breytingum, til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. desember 1895 að Helgafelli í Mosfellssveit, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi refsingum:

1921 $1\frac{1}{10}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir spellvirki.

1924 $\frac{2}{11}$ Undirgengizt að greiða 85 kr. skaðabætur fyrir skemmdir á reiðhjóli.

1937 $2\frac{3}{4}$ Áminning fyrir brot gegn reglugerð nr. 54/1936.

1939 $2\frac{3}{4}$ Dómur lögregluréttar, 125 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Að kvöldi þann 9. marz s. l., um kl. 6.30 e. h., rákust á bifreiðarnar R 1561, er kærði ók í umrætt skipti, og R 2998, er Sveinn Rósinkranz Kristjánsson bifreiðarstjóri, til heimilis í Björnshúsi við Arnargötu hér í bæ, ók. Bifreiðin R 1561 ók norður Pósthússtræti, en í sama mund og hún kom á gatnamót fyrrnefndrar götu og Kirkjustrætis, ók bifreiðin R 2998 austur þá götu, og hugðist stjórnandi hennar að sveigja henni til hægri úr Kirkjustræti suður Pósthússtræti. Á gatnamótum nefndra gatna lenti framendi bifreiðarinnar R 1561 á hægri hlið bifreiðarinnar R 2998 framanverðri, og urðu nokkrar skemmdir á þeirri bifreið. Hins vegar munu skemmdir á bifreið kærða hafa orðið litlar.

Vitnið Sveinn Rósinkranz Kristjánsson hefur borið það við rannsókn málsins, að kærði hafi enga tilraun gert til að sveigja undan á fyrrnefndum gatnamótum og forða þannig árekstri, heldur hafi hann ekið beint áfram, og hafi því virzt sem kærði gerði enga tilraun til að stöðva bifreið sína. Ekki telur vitni þetta, að kærði hafi ekið bifreið sinni hratt, en hins vegar hafi hann haldið henni á röngum vegarhelmingi, er á margnefnd gatnamót kom. Vitninu virtist kærði vera undir áfengisáhrifum, er að var gáð. Hafi hann, að sögn þess, verið sljór að sjá, ekki hafi hann þó reikað í spori og verið rólegur. Kveðst nú vitnið hafa gengizt fyrir því, að lögreglan yrði kvödd á staðinn, og komu þeir lögregluþjónarnir Tryggvi Friðlaugsson og Aðalsteinn Jónsson fljótlega á árekstrarstaðinn. Vitnið kveður kærða hafa verið mótfallinn því, að lögreglunni yrði blandað í málið, og villjað sem minnst úr árekstrinum gera. Vitnið Aðalsteinn Jónsson lögregluþjónn, en það gaf sig á tal við kærða á árekstrarstaðnum og sat við hlið hans í bifreið kærða, hefur skýrt svo frá, að það hafi veitt eftirtekt finnanlegri öl- eða vinlykt úr vitum kærða. Að öðru leyti kveður vitni þetta kærða ekki hafa borið önnur merki þess, að hann hefði neytt áfengis, en fyrrnefnda lýkt.

Vitnið Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónn hefur borið það, að sér hafi virzt kærði vera undir áfengisáhrifum, er það kom á árekstrarstaðinn. Ekki kveður það þó kærða hafa reikað í spori, en eitt-hvað hafi því virzt athugavert við framkomu hans, og virtist því, sem kærði væri að setja sig í stellingar gagnvart þeim lögregluþjónunum. Vitnið Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóri, sem var á verði á lögregluvarðstöðinni, er komið var með kærða þangað, hefur einnig borið, að því hafi virzt sem kærði reyndi að setja sig í stellingar til að leyna einhverju í fari sínu. Þetta vitni hefur og borið það, að útlit kærða hafi bent til, að hann hafi verið ölvaður. Ekki kveður það hann þó hafa reikað í spori, og hafi hann verið rólegur. Vitnið Matthías Einar Guðmundsson, er var staddur á lögregluvarðstofunni, er kærði kom þangað, hefur einnig borið það, að því hafi virzt sem kærði væri undir áfengisáhrifum. Enn fremur kveður þetta vitni kærða hafa viðurkennt í samtali við það þarna á varðstofunni, að hann hefði bragðað áfengi umræddan dag, án þess þó að játa beinlinis, að hann fyndi til áfengisáhrifa af þeirri neyzlu. Þessu vitni ber saman við önnur um það, að kærði hafi verið rólegur í skapi.

Blóðsýnishorn var tekið úr kærða á Landsspítalanum, og sýndi það alkóhólmagn, er svarar til 2.51% í blóði hans.

Kærði hefur frá upphafi rannsóknar þessa máls eindregið neitað því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa, er hann ók bifreið sinni í margnefnt skipti. Hann hefur skýrt þannig frá, að er hann kom heim til sín á Laufásveg 63 að aflokinni máltíð um kl. 1½ e. h. laugardaginn 9. marz s. l., hafi hann drukkið eitt staup af brennivíni, en síðan lagzt fyrir og ekki farið neitt út fyrr en um kl. 6 e. h. Hann kveður engan hafa komið til sín á þessum tíma, og hann hefur staðfastlega neitað því að hafa neytt meira áfengis þenna dag og þar af leiðandi ekki fundið til áfengisáhrifa, er hann ók bifreið sinni kl. 6—7 e. h., eins og fyrr segir. Annars hefur kærði borið það, að hann hafi verið veikur og máttfarinn nokkra daga að undanfögnu, og hafi hann tekið verkeyðandi töflur, 2—3 á dag. Töflur þessar hafa formula: *Tabulae phenasatyl c. cod. L.* Vegna þessa lasleika kveðst kærði ekki hafa verið vel fyrir kallaður við aksturinn nefnt kvöld, en ekki hafi hann verið haldinn sljóleika vegna ölvunar næsta kvöld áður, enda hafi hann ekki neytt áfengis þá. Loks kveðst kærði hafa ekið hægt á leið sinni norður Pósthússtræti að gatnamótum Kirkjustrætis. Kveðst hann ekki hafa séð bifreiðina R 2998 fyrr en á gatnamótin var komið, og hafi hann þá hemlað, en bifreið hans runnið áfram, þar eð krap hafi verið á götunni. Leitað hefur verið umsagnar Jóns Steffensens prófessors um það, hvort inntaka þess magns af verkeyðandi töflum, sem kærði kveðst hafa tekið áður og um það leyti, sem blóðsýnishorn var tekið úr honum, geti valdið reduction eða verkað sljóvgandi á menn, og hefur

prófessorinn talið slíkt útilokað, hvað snertir heilbrigða menn. Nú hefur því verið haldið fram, að kærði væri ekki heilbrigður, og gæti því komið til álita, að hann hefði með bifreiðaakstri sínum brotið 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. En með tilliti til hins mikla alkoholmagns í blóði kærða, studdu að verulegu leyti af framburði fyrrnefndra vitna, verður, þrátt fyrir eindregna neitun kærða, að telja nægilega sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið sinni í umrætt skipti, og hefur hann með því brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Einnig hefur kærði með því að skeyta ekki umferð, er kom frá vinstri hlið hans, brotið 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 með áorðnum breytingum og 7. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941.

Með hliðsjón af 39. gr. áfengislaga, 38. gr. bifreiðalaga, 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 14. gr. umferðarlaga þykir refsing kærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærða leyfi til að stjórna bifreið ævilangt, þar eð um itrekað brot er að ræða, og kemur svipting þessi til framkvæmda frá birtingu dóms þessa að telja.

Enn fremur ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 250.00.

Mál þetta hefur verið rekið vitalaust, og stafar dráttur sá, er á rekstri þess hefur orðið, aðallega af fresti, er skipuðum verjanda kærða var veittur, þar til fengin var fyrrnefnd umsögn Jóns Steffensens prófessors.

D ó m s o r ð :

Kærði, Eiríkur Simonarson Beck, sæti varðhaldi í 10 daga. Hann skal sviptur leyfi til að stjórna bifreið ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda sins, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.